

Til hvers að kjósa konur?

DV
23 apríl
1982

„Konur kjósa ekki konur.“ Af öllu því, sem tínt er til og kallað rökstuðningur gegn kvennaframboði, er þessi gamla goðsaga e.t.v. einna vinsselust. Henni er varpað fram, oft með skirkotun til „kvænlegs eðlis“ eða þá með tilvitnun til hinnar eða þessarar kosningarinnar, þar sem konur heild lægri hlut fyrir karli, jafnvel. Það a.m.k. helmingur kjósenda hafi verið konur líka. Konur styðja ekki aðrar konur. Hvernig dettur ykkur í hug að konur geti staðið saman?

Kvenlegt eðli

Það er erfitt að kveða niður goðsögur. Það er erfitt að telja konum, hvað þá körum, trú um að þær séu ekki endilega alveg eins og þeim hefur verið lýst af körum gegn um tíðirnar. Það er erfitt að segja við

Kjallarinn



Magdalena Schram

Þeir eru auðvitað margir, sem trúa því að kvenleg viðhorf eigi erindi. Sjálf tilurð jafnréttishreyfingarinnar staðfestir það. Baráttá kvenna fyrir auknum hlut sínum innan stjórnálflokkanna staðfestir það líka.

Þær hljóta að leggja kapp á þá baráttu vegna þess að þær trúa því að konur hafi annað fram að færa en karlar, — séu ólikar þeim að örðu leytti en því likamlega — og eigi erindi. Baráttá kvenna innan flokksanna staðfestir því i raun að til sé reynsluheimur og viðhorf kvenna, rétt eins og Kvennaframboð heldur fram. Sé gert ráð fyrir að tiltölulega jákvæð viðbrögð flokkanna nú séu til komin af öðrum hvótum en fylgis-öflunar, má jafnvel fullyrða að þær samþykki tilveru kvenlegs reynsluheims líka!

